

Eð.

369. Frumvarp

til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þeir kjósendur, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið annast um útvegum kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað rikissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflinum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappir, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflinum, svo að auðvelt sje að rifa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra.

Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr.
(Nafn og fðurnafn kjösanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus
(Staður, dagsetning og ár).

hjá
(Staða).

.....
Nr. Jeg
(Nafn, fðurnafn og staða kjösanda).

.....
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

sem vegna fjarveru get ekki sótt kjörþing á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi sjeð hefi útfyllt viðfestan kjörseðil og limt hann aftur. Á sama hátt lýsi jeg því yfir, að jeg hefi engan annan kjörseðil frá mjer sent og hefi ekki kosið eða mun kjósa annarsstaðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjösanda).


Að
(Fullt nafn kjösanda).

.....
(Heimili kjösanda).

hafi undirskrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sje útfylltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

Vitundarvottar:
(Staða vottorósgefanda og heimili).

.....
(Nafn).



Umslögín skulu gerð úr þykkum, mislitum pappir af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað og fylgibrjefið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefli fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo timanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu, um leið og þeir taka við kjörgögnum, um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar. Dómsmálaráðuneytið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og dómsmálaráðuneytið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með bleki á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusett fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosn-

ing er, ef hann vill — á kjörseðilinn, brjóta hann síðan saman, þannig að nafnið verði innan á, og líma hann vandlega aftur. Kjörstjóri eða kjósandi útfyllir því næst vottorðið á fylgibrjefinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta í umslagið, loka því vandlega og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggja atkvæðisseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibrjefinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggja ónýtur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórna ásamt hinum gildu atkvæðum. Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýst.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt einum manni úr kjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að setja á hann innsigli sitt.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef

með atkvæði hans, sje það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

6. gr.

Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósködduð, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin og varðveitir þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslög undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur innan kjörumdæmis sins, eða sje búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibrjef með áföstum kjörseðli, eða umslög og fylgibrjef eigi eru tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að eigi hafa verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða eigi hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru með lögum þessum.

Þá kjörseðla, sem teknir eru gildir, rifur kjörstjórn frá fylgibrjefunum, gætir þess vandlega, að þeir opnast eigi nje skaddist og leggur þá í atkvæðakassann.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt lögum þessum, eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðslu atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir gera látið, eða eitthvað liggur innan í honum, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má, að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið »listi«, ef ekki verður álitid, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu í skipinu fyrir hverjar kosningar nægar birgðir kjörseðla með tilheyrandi umslögum,

og í hibýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslur þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur dómsmálaráðuneytið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um að kjósa í skipi, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að óhjákvæmileg störf á skipinu, sem enga bið þola, hindri. Brot gegn þessu varða allt að 1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni, er þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sjerstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal viðkomandi sýslumaður eða bæjarfógeti ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörstaða sjeu svo greinileg, að sjeð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hafi verið notað. Sýslumenn og bæjarfógetar gera síðan á sama hátt skil til dómsmálaráðuneytisins, senda því eftirstöðvarnar og afrit bókanna. Dómsmálaráðuneytið gengur stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna, á sama hátt og þeir af öðrum kjörstjórum utan kjörstaða.

10. gr.

Fyrir afhendingu kjörseðla og vottorð þau, er um ræðir í lögum þessum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði kosningalaganna um kosningar, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt, þar á meðal hegningarákvæði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.